

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 7

við Stjórnartíðindi EB

3. árgangur

8.2.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

96/EES/7/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/95 frá 22. júní 1995 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn..... 01

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/7/02

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.698 - NAW/Saltano/Contrac)..... 02

96/EES/7/03

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.701 - CWB/Frankfurt Elektro Group)..... 03

96/EES/7/04

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.621 - BLG/BAWAG)..... 04

96/EES/7/05

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.660 - RTZ/CRA)..... 04

96/EES/7/06

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.670 - Elsag Bailey/Hartmann & Braun AG)..... 04

96/EES/7/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.678 - Minorco/Tilcon).....	05
96/EES/7/08	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.650 - SBG/Rentenanstalt).....	05
96/EES/7/09	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	06
96/EES/7/10	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	07

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/7/01

nr. 49/95
frá 22. júní 1995

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/94 frá 2. desember 1994⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 151 frá 22. apríl 1993 um beitingu 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 sem samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42c (ákvörðun nr. 150) í VI. viðauka við samninginn:

„42d. **394 D 0602:** Ákvörðun nr. 151 frá 22. apríl 1993 um beitingu 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1247/92 (Stjttíð. EB nr. L 244, 19. 9. 1994, bls. 1).“.

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við viðaukann:

„13. Ísland:

- Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegur 114, 150 Reykjavík.

14. Noregur:

- Folketrygdkontoret for utenlandssaker, Oslo.

15. Liechtenstein:

- Amt für Volkswirtschaft (Þjóðhagsstofnun) hvað varðar bætur vegna meðgöngu og fæðingar

- Liechtensteinische Alters- und Hinterlassenenversicherung (Elli- og eftirlifendatrygging Liechtensteins) hvað varðar bætur til ekkla, viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutrygginga og aðstoðarbætur

- Liechtensteinische Invalidenversicherung (Örorkutryggingar) hvað varðar bætur til blindra.“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 83 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 52, 29. 12. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 244, 19. 9. 1994, bls. 1.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.698 - NAW/Saltano/Contrac)

96/EES/7/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækin NAW Nutzfahrzeuge AG, undir yfirráðum Daimler-Benz AG og Saltano (SGPS), LDA, undir yfirráðum Salvador Caetano I.M.V.T., S.A., öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Contrac GmbH með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - NAW: framleiðsla, samsetning og sala á ökutækjum sem notuð eru í atvinnuskyni, sem og varahlutum o.fl.,
 - Saltano: sala á vélknúnum ökutækjum og varahlutum, sem og viðhaldsþjónusta,
 - Contrac: þróun, iðnframleiðsla og sala á vélum og búnaði, einkum flugvallar- og flugafgreiðslubúnaði o.þ.h.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 33, 6. 2. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.698 - NAW/Saltano/Contrac, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.701 - CWB/Frankfurt Elektro Group)**

96/EES/7/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 1. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem fyrirtækið CWB Capital Partners (Investment) Limited (CWBI), undir yfirlýðingum CWB Capital Partners Limited, sem aftur er undir yfirlýðingum Standard Chartered Bank og West LB (Europa) AG, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirlýðing yfir Frankfurt Elektro Group, sem samanstendur af eftirfarandi einingum sem eru allar undir yfirlýðingum AEG Aktiengesellschaft: Lloyd Dynamowerke GmbH, Schorch Elektrische Maschinen und Antriebe GmbH, AEG Fabrica de Motores S.A., AEG Elotherm GmbH, Electro-Mechanik GmbH, AEG Sensorsysteme GmbH og Kappa Asset Management GmbH, og jafnframt eftirfarandi deildum AEG Aktiengesellschaft: Deild fyrir þetta og breyta, deild fyrir einingasmælingarkerfi Interma og deild fyrir titringsmælingar.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - CWBI: fyrirgreiðsla og fjármögnun kaupfyrirtækja, fjárfestingastarfsemi,
 - Frankfurt Electro Group: rafmagnsvélar og rafalar, tíðnibreytar, rafvökvadælar og þrýstibúnaður, rafvélfraðilegir stillihreyflar, stýritækni, breytar, titringsflutningskerfi, nemar til notkunar í iðnaði, þrýsti- og vökvaeyningar fyrir flugvélaíðnaðinn og einingasmælingarkerfi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 30, 3. 2. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.701 - CWB/Frankfurt Elektro Group, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.621 - BLG/BAWAG)****96/EES/7/04**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.660 - RTZ/CRA)****96/EES/7/05**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.670 - Elsag Bailey/Hartmann & Braun AG)****96/EES/7/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.678 - Minorco/Tilcon)**

96/EES/7/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 12. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð
(Mál nr. IV/M.650 - SBG/Rentenanstalt)**

96/EES/7/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 12. 1995 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ vegna þess að hún uppfyllir ekki skilyrði um hámark sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt**96/EES/7/09**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. janúar 1996 um skilyrði fyrir upptöku og skráningu stóðhesta sem nota á til undaneldis í ættbækur (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 25. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. janúar 1996 um dýraræktunartvöð fyrir sæði, egg og fósturvísu úr skráðum hrossum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 25. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. janúar 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku og framleiðslu fósturvísu og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísu út til bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 23, 30. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. janúar 1996 um breytingu á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 92/260/EBE, 93/196/EBE, 93/197/EBE og 94/467/EB um þær tegundir stóðhesta sem þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði hvað varðar liðabólgu af völdum veiru (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 25. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. janúar 1996 um útlit ættartöluvöð fyrir hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni og þær upplýsingar sem þær eiga að koma fram (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 25. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. janúar 1996 um breytingu á ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 93/196/EBE og 93/197/EBE um dýraheilbrigðisvöð vegna innflutnings á hrossum til slátrunar, á skráðum hrossum og hrossum til undaneldis og ræktunar, með hliðsjón af sjúkdómnum piroplasmosis (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 25. 1. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. janúar 1996 um skilyrði fyrir veiði og vinnslu á tilteknum tvískelja lindýrum sem koma frá svæðum þar sem lamandi skeldýraeitur er yfir mörkunum sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 91/492/EBE (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 19, 25. 1. 1996).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/7/10

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0410-A	Drög að lögum um markaðssetningu, samþykki fyrir og notkun upphitunarbúnaðar (lög um upphitunarbúnað í Kärnten 1996 - K-HAG 1996), útgáfa 1325/1/95	25.3.1996
95-0411-UK	Fyrirmæli um þráðlausa símrítun (eftirlit með truflunum frá myndsendum) 1996	21.3.1996
95-0429-UK	Drög að breytingum á reglugerðum um ósjálfvirkar vogir (Norður-Írland) 1996	20.3.1996
95-0430-UK	MPT1560: Forskrift um skilvirkni fyrir stafræn MVDS-dreifikerfi (MVDS - Multipoint Video Distribution Systems) og loftnet sem starfrækt eru á tíðnisviðinu 40,5 - 42,5 GHz	20.3.1996
95-0433-UK	Reglugerðir um gervifrjóvgun svína	25.3.1996
95-0434-D	Tæknilegar reglur fyrir reglugerð um þrýstihylki - TRB 801 nr. 34. viðauki: Tankar fyrir geymslu á ammóníaki	25.3.1996
95-0435-E	Úrskurður um tæknilega eiginleika og hreinlæti í sjúkrabifreiðum sem notaðar eru til sjúkraflutninga í Madrid og nágrenni	9.4.1996
95-0436-NL	Breyting á reglugerð um matvæli og lyf með hliðsjón af reglum um hollustu matvæla	25.3.1996
95-0437-UK	Reglugerðir um pensla og grafísk tæki (öryggi) 1996	25.3.1996
95-0438-LUX (³)(⁴)	Drög að reglugerð um umbúðir fyrir neytendavörur í fljótandi formi og umbúðaúrgang frá þessum vörum	25.3.1996

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.